

Samkvæmt tillögum biskups var með þessu brjefi og öðru frá 7. s. m. þeim 7000 kr., **74**
sem í fjárlögum fyrir árin 1880 og 1881, 12. gr. A. b. 1. eru veittar til bráðabirgða- **13. apríl.**
uppbótar fátökum brauðum, úthlutað þannig:

A. Brauð, sem prestar eru í:		Fluttar 3000 kr.
1. Klyppstaður	100 kr.	18. Fell 200 —
2. Stöð	200 —	19. Knapptaðir 100 —
3. Sandfell	400 —	20. Miðgarður í Grímsey 200 —
4. Reynisþing	200 —	21. Hvanneyri 200 —
5. Staður í Grindavík	200 —	22. Kviabekkur 200 —
6. Gufudalur	100 —	23. Skútustaðir 200 —
7. Flatey	100 —	24. Þönglabakki 300 —
8. Brjámslækur	200 —	25. Lundarbrekka 200 —
9. Sauðlauksdalur	100 —	26. Presthólar 200 —
10. Álptamýri	100 —	
11. Kirkjubólsping	200 —	
12. Staður í Grunnavík	200 —	
13. Staður í Aðalvík	400 —	
14. Tröllatunga	100 —	
15. Prestsbakki	100 —	
16. Hvammur og Keta	200 —	
17. Goðdalir	100 —	
	<u>Flyt 3000 —</u>	
		<u>4800 —</u>
		B. Laus brauð:
		1. Ásar og Búland 700 kr.
		2. Selvogsping 500 —
		3. Otrardalur 400 —
		4. Sandar í Dýrafirði 200 —
		5. Húsavík 200 —
		6. Þóroddsstaður 200 —
		<u>Samtals 7000 —</u>

— *Agrip af 2 brjefum landshöfðingja til stíptisyfirvaldanna um styrk handa* **75**
barnaskólum. — Hreppsnefndin í Stokkseyrarhreppi hafði stofnað barnaskóla á Stokks- **14. apríl.**
eyri, auk barnaskólans á Eyrarbakka og lagt báðum þessum skólum 150 kr. árlega og
fór hún þess nú á leit að fá 300 kr. styrk af fje því, er getur um í 12. gr. 7. fjárlaganna.
Hreppsnefndin í Rosmhvalaneshreppi hafði lagt barnaskólanum í Gerðum 200 kr. ársstyrk
og sótt um jafnmikinn styrk úr landsjóði. Þetta hvorttveggja var veitt um fardagaárið
1880—81 með því skilyrði, að gjörður yrði reikningur fyrir tekjum og gjöldum hlutaðeigandi
skóla, er sýndi, að bæði landsjóðs- og sveitarsjóðsstyrknum hefði verið varið skólanum í háð.

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um ferðastyrk handa* **76**
skólakennara. — Þjer hafð, herra landshöfðingi, sent hingað danska þýðingu á beiðni, **14. apríl.**
er yður hafði borizt frá settum kennara við hinn lærða skóla í Reykjavík, Sigurði Sig-
urðarsyni, og þar sem hann fer fram á að fá styrk að upphæð 700—800 kr. til þess nú
í sumar að ferðast til Frakklands og auka þar þekkingu sína á frakkneskri tungu og
bókmenntum, og hafð þjer í þóknanlegu brjefi frá 9. febrúar þ. á. lagt það til, að ráð-
gjafinn vildi veita beiðandanum af þeim hluta, er ráðgjafinn hefir umráð yfir af fje því,
sem getur um í 15. gr. fjárlaganna, annaðhvort 700 kr. ferðastyrk eða þá helming þess-
rarar upphæðar og yrði þá hinn helmingurinn greiddur af þeim hluta, er þjer hafð um-
ráð yfir af nefndu fje.

Fyrir því skal yður hjer með þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbeining-
ar og frekari ráðstafanar, að ráðgjafinn, eptir því sem ástatt er, fellst á, að beiðandinn